



Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samstarf við atvinnulífið um lausn leikskóla- og daggæsluvandans

Borgarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að leita samstarfs við forsvarsfólk atvinnulífsins um lausn leikskóla- og daggæsluvandans í Reykjavík. Kannaður verði vilji fyrirtækja í Reykjavík til að opna leikskóla- eða daggæsluúrræði á vinnustöðum fyrir börn starfsmanna. Skóla- og frístundasviði verði falið að útfæra með hvaða hætti mótframlög með börnum í daggæslu eða leikskólum á vinnustöðum foreldra verði háttað, og með hvaða hætti borgin getur stutt við þá vinnustaði sem vilja byggja upp slík úrræði. Tillögurnar verði bornar undir skóla- og frístundaráð og í kjölfarið borgarráð, til samþykktar.

